

Svar

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um fjölgun, vistun og flutning opinberra starfa og stofnana.

Iðnaðarráðuneytið leitaði svara við fyrirspurn þessari hjá stofnunum sínum, sem eru Bygðastofnun, Einkaleyfastofa, Iðntæknistofnun Íslands, Orkustofnun, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Rafmagnsveitur ríkisins. Rafmagnseftirlit ríkisins var í árslok 1996 sameinað Löggildingarstofunni, sbr. lög um Löggildingarstofu, nr. 155/1996, og Bygðastofnun var í ársbyrjun 2000 flutt frá forsætisráðuneyti til iðnaðarráðuneytis. Upplýsingar um Bygðastofnun fyrir öll árin tíu eru teknar með í þessu svari.

1. Hver var fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins árin 1991–2000 og hvernig skiptust störfin milli höfuðborgar og landsbygðar?

Störf á vegum ráðuneytisins 1991–2000.

Heiti	Ársverk 1991	Ársverk 2000	Fjölgun eða fækkun
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa, Reykjavík*	15,7	15,6	/
Bygðastofnun, aðalskrifstofa, Reykjavík	23,5	14	-9,5
Bygðastofnun, Akureyri	4	0	-4
Bygðastofnun, Ísafirði	1,5	0	- 1,5
Bygðastofnun, Egilsstöðum	1	0	-1
Bygðastofnun, Sauðárkróki	0	7,5	+7,5
Einkaleyfastofa, aðalskrifstofa, Reykjavík	7	19	+12
Iðntæknistofnun, Reykjavík	68,4	63,5	-4,9
Orkustofnun, Reykjavík**	89	96,5	+7,5
Orkustofnun, Akureyri	0	2	+2
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Reykjavík	46,4	42,8	-3,6
Rarik, Reykjavík***	87 starfsmenn	55 starfsmenn	-32
	82 stöðugildi	54 stöðugildi	-28
Rarik, Vesturlandi	34 starfsmenn	32 starfsmenn	- 2
	31,5 stöðugildi	30,5 stöðugildi	-1
Rarik, Norðurlandi vestra	27 starfsmenn	27 starfsmenn	
	25,5 stöðugildi	26,5 stöðugildi	+1
Rarik, Norðurlandi eystra****	33 starfsmenn	28 starfsmenn	-5
	33 stöðugildi	28 stöðugildi	-5
Rarik, Austurlandi****	60 starfsmenn	50 starfsmenn	-10
	58,5 stöðugildi	48 stöðugildi	-10,5
Rarik, Suðurlandi****	30 starfsmenn	25 starfsmenn	- 10
	27,5 stöðugildi	25 stöðugildi	-2,5

*Samkvæmt heimildum frá Ríkisbókhalda. Hafa þarf í huga að iðnaðarráðuneyti og viðskiptaráðuneyti hafa verið rekin sem ein rekstrareining þennan tíma. Í viðskiptaráðuneytinu voru um 12 ársverk árin 1999 og 2000 en þau eru ekki innifalin í uppgefinni tölu enda ekki spurt um það.

Heiti	Ársverk 1991	Ársverk 2000	Fjölgun eða fækkun
-------	--------------	--------------	--------------------

** Hjá Orkustofnun eru ekki talin fram ársverk sem tengjast nefndarstörfum vegna Jarðhitaleitarátaksins og rammaáætlunarinnar og ekki eru heldur talin fram ársverk ræstingafólks og gæslumanna Vatnamælinga víðs vegar um land. Orkustofnun telur að ársverk við ræstingar séu um þrjú, störf gæslumanna jafngildi um einu ársverki og nefndarlaun Jarðhitaleitarátaksins tæplega einu.

*** Hjá Rafmagnsveitum ríkisins (Rarik) liggur ekki fyrir fjöldi ársverka, þess vegna er hér gefinn upp fjöldi starfsmanna og stöðugilda.

**** Í Grímsey, Borgarfirði eystra og Vík í Mýrdal hefur fækkun í störfum hjá Rarik að hluta til verið mætt með samningum við verktaka. Starfshlutfall þessara samninga nemur u.þ.b. 1,5 stöðugildum alls.

Eins og að framan greinir var Rafmagnseftirlit ríkisins lagt niður í árslok 1996 og tóku faggiltar skoðunarstofur við hluta af starfsemi þess en meginhluti starfseminnar var felldur undir Löggildingarstofu. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisbókhalddi voru unnin 27,5 ársverk hjá Rafmagnseftirlitinu árið 1991 en 11,4 seinasta starfsárið, 1996. Á Akureyri og á Austurlandi var einn starfsmaður á hvorum stað, a.m.k. hluta tímabilsins.

2. Hvaða nýju stofnanir voru vistaðar á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni árin 1991–2000 og hvar?

Engar nýjar stofnanir voru vistaðar á landsbyggðinni á tímabilinu. Byggðastofnun tók til starfa á Sauðárkróki um mitt ár 2001, sem er utan þessa tímabils. Ýmsar tilfærslur í mannhaldi stofnana milli Reykjavíkur og landsbyggðarinnar urðu engu að síður á tímabilinu, m.a. vegna þess að þær vildu kanna rekstrargrundvöll fyrir starfsemi á landsbyggðinni. Eftirfarandi eru meginatriði breytinga á mannhaldi af þessum orsökum frá 1991:

Byggðastofnun opnaði árið 1993 skrifstofu á Sauðárkróki. Henni var lokað árið 1998 ásamt skrifstofunum á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum. Hjá þessum skrifstofum voru 8–9 stöðugildi. Árið 1998 var þróunarsvið Byggðastofnunar lagt niður í Reykjavík og starfsemi þess flutt til Sauðárkróks. Árið 2000 voru sjö og hálf stöðugildi á þróunarsviðinu á Sauðárkróki og átta ársverk unnin þar.

Iðntæknistofnun hafði starfsmann á Akureyri í rúmlega þrjú ár, frá 1. ágúst 1993 til 1. september 1996 og síðar um eins og hálf árs skeið, frá 1. maí 2001 til 1. nóvember 2002. Á Ísafirði var starfsmaður á vegum Iðntæknistofnunar frá 1. september 2000 til 1. febrúar 2002.

Útibú Rannsóknasviðs Orkustofnunar var stofnað á Akureyri árið 1999 og hafa tveir menn starfað þar síðan.

3. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg ný störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Sjá svar við 2. tölulið fyrirspurnarinnar, en til viðbótar er þess að geta varðandi Byggðastofnun að þegar mest umsvif voru á tímabilinu 1993–1998 voru fjögur stöðugildi á Akureyri, tvö og hálf stöðugildi á Ísafirði, tvö stöðugildi á Egilsstöðum og eitt á Sauðárkróki.

4. Hvaða stofnanir voru fluttar á vegum ráðuneytisins frá höfuðborginni til landsbyggðar árin 1991–2000 og hvert?

5. Hvað hafa fylgt þessum stofnunum mörg störf, hvar eru þau vistuð og hvernig skiptast þau milli einstakra kaupstaða og sýslna?

Engar stofnanir voru fluttar frá höfuðborginni til landsbyggðarinnar á umræddu tímabili.